

### **Tillaga forsætisnefndar um fjölda borgarfulltrúa**

Í 11. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sem tóku gildi 1. janúar 2012 er kveðið á um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn. Þar kemur fram að í sveitarfélögum þar sem íbúar eru 100.000 eða fleiri skal fjöldi fulltrúa vera 23-31. Samkvæmt gildandi samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 715/2013 er borgarstjórn Reykjavíkur skipuð 15 borgarfulltrúum, sem er undir lögbundnu lágmarki. Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fjöldi borgarfulltrúa verði á næsta kjörtímabili í lögbundnu lágmarki, 23 borgarfulltrúar, við sveitarstjórnarkosningar sem fram fara þann 25. maí 2018. Forsætisnefnd er falið að vinna að nauðsynlegum breytingum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg, sem og öðrum samþykktum eftir því sem við á.

#### **Greinargerð:**

Á fundi borgarstjórnar þann 4. febrúar 2014 samþykkti borgarstjórn tillögu um að fjöldi borgarfulltrúa héldist óbreyttur, 15 borgarfulltrúar, á því kjörtímabili sem nú stendur yfir. Var það í samræmi við bráðabirgðaheimild í sveitarstjórnarlögum þar sem kveðið er á um að ekki er skylt að breyta fulltrúafjölda í sveitarstjórn fyrr en við aðrar almennar kosningar til sveitarstjórna eftir gildistöku laganna. Alltaf hefur verið ljóst að á kjörtímabilinu þyrfti borgarstjórn að taka afstöðu til þess hver fjöldi borgarfulltrúa ætti að vera innan hins nýja lagaramma. Tímafresturinn sem bráðabirgðaheimildin veitir hefur verið nýttur til að undirbyggja þá ákvörðun.

Þannig hefur vinna við undirbúning fjölgunar borgarfulltrúa í samræmi við gildandi sveitarstjórnarlög staðið yfir á vettvangi forsætisnefndar Reykjavíkur allt kjörtímabilið. Þar hefur verið unnið út frá því að fjöldi borgarfulltrúa verði áfram í lögbundnu lágmarki og hafa greiningar á þeim breytingum sem gera þarf á samþykktum tekið mið af því. Forsætisnefnd hefur miðað við að halda kostnaði sem hlýst af fjölgun borgarfulltrúa í lágmarki, sem er mögulegt meðal annars með því að manna fastanefndir borgarinnar eingöngu borgarfulltrúum og fyrstu varaborgarfulltrúum, sem og að stilla þóknanir af til samræmis við að vinnuálag dreifist á fleiri fulltrúa í fullu starfi.

Til að klára megi þessa vinnu þarf að liggja fyrir formleg ákvörðun borgarstjórnar um hver fjöldi borgarfulltrúa verður á næsta kjörtímabili en innan við ár er þar til kosið verður til borgarstjórnar. Jafnframt er ljóst að undirbúningur borgarstjórnarkosninga 25. maí nk. er þegar hafinn á vettvangi yfirkjörstjórnar Reykjavíkur sem og meðal þeirra framboða sem hyggja á að bjóða fram lista. Því biða fleiri aðilar en forsætisnefnd þess að fjöldi fulltrúa liggi fyrir sem fyrst.

Þegar samþykkt borgarstjórnar liggur fyrir þarf að breyta samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar ásamt samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Einnig þarf mögulega að breyta öðrum samþykktum, á borð við samþykktum um einstaka fastanefndir borgarinnar. Mun þessi vinna fara fram á næstu mánuðum þannig að forsætisnefnd geti fjallað um breytingarnar í haust og lagt þær fyrir borgarstjórn til samþykktar áður en þær stjórnsmálhreyfingar sem hyggja á framboð á næsta ári hefja undirbúning sinn.

## UMSÖGN

Til: Forsætisnefndar

Frá: Fjármálastjóra

Efni: Rýning á fjárhagslegum áhrifum vegna fjölgunar borgarfulltrúa

Á fundi forsætisnefndar þann 12. ágúst sl. fór fram umræða um fyrirhugaða fjölgun borgarfulltrúa sem tekur gildi árið 2018. Þar samþykkti forsætisnefnd að vísa framkomnum útfærslum forsætisnefndar til rýningar hjá fjármálaskrifstofu. Jafnframt samþykkti nefndin að samráðsfundur forsætisnefndar og borgarfulltrúa verði haldinn þann 16. september 2016. Óskað var eftir því að rýning fjármálaskrifstofu á fjárhagslegum áhrifum eftirtalinna tillagna liggi fyrir og verði kynnt á þeim fundi:

- 1. Borgarfulltrúar verða 23 og þeir sitja í öllum fastanefndum Reykjavíkurborgar nema hverfisráðum. Varaborgarfulltrúar þ.m.t. 1. varaborgarfulltrúar, fá einungis greitt fyrir mætingu á einstaka fundi nefnda og ráða og í borgarstjórn.*
- 2. Borgarfulltrúar verða 23 og sitja þeir sitja í öllum fastanefndum Reykjavíkurborgar nema hverfisráðum. 1. varaborgarfulltrúar verða áfram á 70% grunnlaunum og geta tekið sæti í fastanefndum. Aðrir varaborgarfulltrúar fá einungis greitt fyrir mætingu á einstaka fundi nefnda og ráða og í borgarstjórn.*

Að auki er óskað eftir sérstakri rýningu á launakostnaði við hverfisráð:

- 1. Óbreyttur fjöldi hverfisráða þar sem allir fá greidda þóknun fyrir setu samkvæmt flokki IV – borgarfulltrúar líka*
- 2. Hverfisráðum er fækkað í 5 og allir fá greidda þóknun fyrir setu samkvæmt flokki IV – borgarfulltrúar líka*
- 3. Hverfisráðum er fækkað í 5, tveir borgarfulltrúar fá ekki sérstaka þóknun, einungis er greidd þóknun í flokki IV til þriggja fulltrúa.*

## Umsögn:

Í umsögninni er unnið eftir forsendum forsætisnefndar þar sem gert er ráð fyrir að launakerfi borgarfulltrúa verði óbreytt að öðru leyti og er miðað við þær reglur sem nú er að finna í samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Í fyrsta hluta umsagnarinnar er stuttlega fjallað um núverandi stöðu. Í öðrum hluta er einungis fjallað um þær tillögur sem snúa að fjölgun borgarfulltrúa án áhrifa á hverfisráð. Í þriðja hluta er síðan fjallað um breytingar á hverfisráðum og í fjórða og síðasta hluta er svo að finna samantekt.

## 1. NÚVERANDI STAÐA

Ákvæði um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn er að finna í 11. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er þar tekið fram að fjöldi aðalmanna skuli standa á oddatölu og vera 23-31 í sveitarfélögum þar sem íbúar eru 100.000 eða fleiri. Þetta ákvæði varðar þannig einungis Reykjavíkurborg. Í fyrsta ákvæði til bráðabirgða í sömu lögum er þó tilgreint að ekki sé skylt að breyta fulltrúafjölda í sveitarstjórn fyrr en við aðrar almennar kosningar til sveitarstjórnar frá gildistöku laganna. Fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar var samþykkt að nýta bráðabirgðaákvæðið og því er fjöldi borgarfulltrúa ennþá 15.

Borgarfulltrúar eru á fullum launum en grunnlaun þeirra eru 77,82% af þingfararkaupi og í því felast að fullu greiðslur fyrir setu í nefndum og ráðum borgarinnar, þ.m.t. formennska í nefndum, innkomur sem varamenn og setur sem áheyrnarfulltrúar. Fastanefndir borgarinnar skiptast í 4 flokka og er gert ráð fyrir því að borgarfulltrúar sitji í einni fastanefnd í flokki I eða í tveimur nefndum í flokki II og III án þess að laun þeirra skerðist. Skerðing launa nemur 25% ef lágmarksnefndarseta er ekki uppfyllt og 50% ef borgarfulltrúi situr hvorki í fastanefnd í flokki I eða II.

Í dag eru 75 sæti í fastanefndum sem tilheyra flokkum I-III og 50 sæti í hverfisráðum sem tilheyra flokki IV<sup>1</sup>. Ef borgarfulltrúar sitja í þremur eða fleiri fastanefndum eða gegna formennsku í fagráði eða borgarstjórnarflokki er greitt 25% álag af grunnlaunum borgarfulltrúa. Heildarálag nemur að hámarki 25% grunnlauna þó gegnt sé formennsku í fleiri en einu ráði eða borgarstjórnarflokki og ráði. Borgarfulltrúar sem sitja í borgarráði fá hinsvegar greitt álag af grunnlaunum óháð öðrum álagsgreiðslum. Varamenn í borgarráði fá greitt 6% álag, aðalmenn í borgarráði fá greitt 25% álag og formaður borgarráðs fær greitt 40% álag. Jafnframt fær forseti borgarstjórnar 25% álag óháð öðrum álagsgreiðslum.

Fyrsti varamaður hvers framboðslista sem á fulltrúa í borgarstjórn fær greidd föst laun sem nema 70% af grunnlaunum borgarfulltrúa. Innifalið í þessum launum eru greiðslur fyrir setu í nefndum og ráðum borgarinnar með sömu fyrirvörum um skerðingu grunnlauna og gilda um borgarfulltrúa. Fyrsti varamaður sem gegnir formennsku í fagráði eða situr sem áheyrnarfulltrúi í borgarráði eða er þar kjörinn varamaður fær greitt álag á sama hátt og borgarfulltrúi.

<sup>1</sup> Af þessum 75 sætum eru 8 sæti í öðrum ráðum sem á eftir að skilgreina sem fastanefndir, þ.e. ferlinefnd, ofbeldisvarnarnefnd, fjölmenningsráð og öldungaráð

Aðrir kjörnir fulltrúar sem ekki eru borgarfulltrúar eða 1.varaborgarfulltrúar fá greidda þóknun fyrir setu í fastanefndum. Fyrir setu í fastanefnd í flokki I er greitt 20% af þingfarakaupi, fyrir setu í fastanefnd í flokki II er greitt 16% af þingfararkaupi, fyrir setu í fastanefnd í flokki III er greitt 14% af þingfararkaupi og fyrir setu í fastanefnd í flokki IV er greitt 6% af þingfararkaupi. Þá skal þóknun til fulltrúa í barnaverndarnefnd og endurskoðunarnefnd vera hin sama og fyrir fastanefndir í flokki I. Fyrir setu í öðrum nefndum en fastanefndum fá kjörnir fulltrúar greidda þóknun sem nemur 1,95% af þingfararkaupi per fund og fá formenn greidda tvöfalda þóknun. Jafnframt fá varamenn sem taka sæti í nefnd eða ráði borgarinnar í forföllum aðalmanns greidda þóknun sem nemur 1,95% af þingfararkaupi pr. fund. Fyrir að taka sæti í borgarstjórn er þó greitt 3,89% af þingfararkaupi pr. fund.

Fyrir frekari umfjöllun um laun kjörinna fulltrúa er vísað til samþykktar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg.

## 2. ÁHRIF FJÖLGUNAR BORGARFULLTRÚA

Ef reglur um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg eru óbreyttar við fjölgun borgarfulltrúa úr 15 í 23 er ljóst að launakostnaður borgarinnar fer að miklu leyti eftir því hvernig skipað er í nefndir og ráð vegna ákvæða um skerðingar og álagsgreiðslur. Í eftirfarandi umfjöllun er gert ráð fyrir óbreyttum fjölda sæta í fastanefndum, óbreyttum fjölda borgarstjórnarflokka og óbreyttu launakerfi borgarfulltrúa, sbr. samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg.

Í þessum hluta verður fyrst fjallað um áhrif breytinganna á launakostnað borgarfulltrúa og síðan áhrif á launakostnað annarra kjörinna fulltrúa út frá fyrirliggjandi tillögum.

### 2.1 RÝNING Á TILLÖGU 1

*Borgarfulltrúar verða 23 og þeir sitja í öllum fastanefndum Reykjavíkurborgar nema hverfisráðum. Varaborgarfulltrúar þ.m.t. 1. varaborgarfulltrúar, fá einungis greitt fyrir mætingu á einstaka fundi nefnda og ráða og í borgarstjórn.*

#### Kostnaður vegna launa borgarfulltrúa

Eftirfarandi tafla sýnir áhrif þess að fjölga borgarfulltrúum úr 15 í 23 án þess að taka tillit til launa varaborgarfulltrúa eða annarra kjörinna fulltrúa.

Kostnaður vegna grunnlauna borgarfulltrúa mun hækka um **57,0 mkr** á ári. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að borgarfulltrúar sitji í öllum fastanefndum og ef eingöngu er litið til fastanefnda í flokkum I-III þá verða

Fjölgun borgarfulltrúa um 8	Breyting
Fjölgun borgarfulltrúa	8
Grunnlaun á ári	56.997.111
Álag á grunnlaun (25%)	14.249.278
Launatengd gjöld (22%)	15.674.206
Annar kostnaður	5.318.400
<b>Árlegur kostnaður við fjölgun</b>	<b>92.238.995</b>

um 3,3 sæti á borgarfulltrúa<sup>2</sup>. Að öðru óbreyttu ættu allir borgarfulltrúar að eiga kost á því að sitja í þremur eða fleiri fastanefndum og því er gert ráð fyrir 25% álagi á grunnlaun. Viðbótarkostnaður vegna álagsgreiðslna er því metinn um **14,2 mkr** á ári.

Meðalkostnaður vegna launatengdra gjalda er áætlaður um 22% af launum<sup>3</sup>. Annar kostnaður, þ.e. persónulegur starfskostnaður og kostnaður vegna farsíma og nettengingar er áætlaður um **5,3 mkr** á ári. Í heildina er því áætlað að kostnaður vegna launa borgarfulltrúa muni hækka um **92,2 mkr** á ári við fjölgun borgarfulltrúa um 8.

Hér ber að taka fram að fjölgun borgarfulltrúa getur haft í för með sér önnur útgjöld sem ekki er gert ráð fyrir í útreikningunum, t.d. aukin útgjöld vegna almenns skrifstofubúnaðar sem Reykjavíkurborg leggur til, útgjöld vegna breytinga á núverandi skrifstofuaðstöðu borgarfulltrúa og hugsanleg útgjöld vegna fjölgunar starfsmanna á skrifstofu borgarstjórnar. Áhrif tillögunnar á ferðakostnað borgarfulltrúa voru heldur ekki greind sérstaklega en ekki er ástæða til að ætla að ferðakostnaður aukist mikið þar sem gert er ráð fyrir að fjöldi nefndarsæta verði óbreyttur.

### Kostnaður vegna launa varaborgarfulltrúa og annarra kjörinna fulltrúa

Tillagan hefur í för með sér að föst laun varaborgarfulltrúa og annarra kjörinna fulltrúa falla niður en á móti kemur kostnaður vegna greiðslu fyrir mætingu á einstaka fundi nefnda og ráða og í borgarstjórn. Í eftirfarandi útreikningum er einungis skoðað hvaða áhrif tillagan mun hafa á laun vegna setu í fastanefndum þar sem þóknun fyrir setu í öðrum nefndum er greidd pr. fund og mun ekki breytast.

Núverandi kostnaður vegna fastra launa 1.varaborgarfulltrúa m.v. núverandi nefndarskipan er sýndur í töflunni til hliðar. Kostnaður vegna grunnlauna er um **29,9 mkr** á ári og til viðbótar eru álagsgreiðslur um **5,5 mkr** á ári. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna launatengdra gjalda sé 22% og annar kostnaður um **4,0 mkr**. Í heildina er núverandi kostnaður vegna fastra launa 1.varaborgarfulltrúa áætlaður um **47,2 mkr**.

#### 1.varaborgarfulltrúar

Fjöldi 1.varaborgarfulltrúa	6
Grunnlaun á ári	29.923.483
Álagsgreiðslur	5.485.972
Launatengd gjöld (22%)	7.790.080
Annar kostnaður	3.988.800
<b>Árlegur kostnaður</b>	<b>47.188.335</b>

#### Aðrir kjörnir fulltrúar á föstum launum

Þóknun fyrir setu flokki I	21.972.672
Þóknun fyrir setu flokki II	27.823.051
Þóknun fyrir setu flokki III	14.099.131
Launatengd gjöld (22%)	14.056.868
<b>Árlegur kostnaður</b>	<b>77.951.722</b>

Þóknun til kjörinna fulltrúa, annarra en borgarfulltrúa og 1.varaborgarfulltrúa, fyrir setu í fastanefndum er sýnd í töflunni til hliðar. Miðað er við núverandi nefndarskipan þar sem formenn fá tvöfalda þóknun. Tekið er tillit til launa áheyrnafulltrúa stjórnmalaflokka en þóknun til fulltrúa í barnaverndarnefnd og

<sup>2</sup> Sæti í ferlinefnd, ofbeldisvarnarnefnd, fjölmeningarráði og öldungaráði eru meðtalin.

<sup>3</sup> Í launatengdum gjöldum er m.a. mótfrelag í lífeyrissjóð og tryggingagjald

endurskoðunarnefnd er ekki tekinn með<sup>4</sup>. Í heildina er áætlað að núverandi kostnaður vegna fastra launa annarra kjörinna fulltrúa sé um **78,0 mkr** á ári.

Samkvæmt tillögum mun kostnaður við föst laun 1.varaborgarfulltrúa og annarra kjörinna fulltrúa sem sitja í fastanefndum falla niður en á móti þarf að meta væntan kostnað vegna greiðslu fyrir mætingu á einstaka fundi nefnda og ráða og í borgarstjórn. Mögulegur heildarkostnaður vegna þessa fer alfarið eftir greiðslu þóknunar pr. fund ásamt fjölda þeirra funda sem greitt er fyrir.

Gert ráð fyrir að þóknun pr. fund í nýju kerfi verði að meðaltali 15.000 kr og að greitt sé fyrir 250 fundi á ári. Þessar forsendur eru byggðar á þóknun til varamanna í núverandi kerfi og heildarfjölda funda í fastanefndum á ári. Í dag fá varamenn sem taka sæti í nefnd eða ráði í forföllum aðalsmanns greidda þóknun pr. fund sem nemur 1,95% af þingfararkaupi eða um 14.877 kr. Til að áætla fjölda funda í fastanefndum á ári er gert ráð fyrir að haldnir séu u.þ.b. 2 fundir á mánuði í hverri fastanefnd og ef gert er ráð fyrir að greitt sé að jafnaði fyrir 1 varamann eða áheyrnarfulltrúa pr. fund þá er heildarfjöldi fjölda sem greitt er fyrir 264 á ári. Heildarkostnaður miðað við 15.000 kr þóknun og 250 greidda fundi ásamt launatengdum gjöldum væri því um **4,6 mkr** á ári.

Í eftirfandi töflu er væntur kostnaður sýndur miðað við nokkrar mismunandi samsetningar af upphæð þóknunar og fjölda funda þar sem tillit hefur verið tekið til launatengdra gjalda.

Þóknun per fund	Fjöldi funda á ári sem greitt er fyrir				
	150	200	250	300	350
10.000	1.830.000	2.440.000	3.050.000	3.660.000	4.270.000
12.500	2.287.500	3.050.000	3.812.500	4.575.000	5.337.500
15.000	2.745.000	3.660.000	4.575.000	5.490.000	6.405.000
17.500	3.202.500	4.270.000	5.337.500	6.405.000	7.472.500
20.000	3.660.000	4.880.000	6.100.000	7.320.000	8.540.000

Í töflunni til hliðar sést heildarkostnaður við tillögu 1. Eins og áður hefur komið fram hækkar kostnaður vegna fjölgunar borgarfulltrúa en á móti kemur lækkun vegna þess að föst laun varaborgarfulltrúa og annarra kjörinna fulltrúa falla niður. Ef gert er ráð fyrir að greitt sé 15.000 kr þóknun pr. fund og að heildarfjöldi funda á ári sé 250 þá felur tillagan í sér að launakostnaður muni lækka eftir fjölgun borgarfulltrúa um **28,3 mkr** á ári.

Tillaga 1	Breyting
Borgarfulltrúar	92.238.995
1.varaborgarfulltrúar	-47.188.335
Föst laun annarra kjörinnar fulltrúa	-77.951.722
Kostnaður vegna mætingar á fundi	4.575.000
<b>Heildarbreyting á ári (án hverfisráða)</b>	<b>-28.326.063</b>

<sup>4</sup> Fjallað er sérstaklega um þóknun til þeirra sem sitja í barnaverndarnefnd og endurskoðunarnefnd í síðasta hluta umsagnarinnar.

## 2.2 RÝNING Á TILLÖGU 2

*Borgarfulltrúar verða 23 og sitja þeir sitja í öllum fastanefndum Reykjavíkurborgar nema hverfisráðum. 1.varaborgarfulltrúar verða áfram á 70% grunnlaunum og geta tekið sæti í fastanefndum. Aðrir varaborgarfulltrúar fá einungis greitt fyrir mætingu á einstaka fundi nefnda og ráða og í borgarstjórn*

Fjárhagsleg áhrif tillögunnar á launakostnað borgarfulltrúa eru þau sömu og samkvæmt tillögu 1 að undanskildum mögulegum viðbótaráhrifum á álagsgreiðslur. Áður var gert ráð fyrir að einungis borgarfulltrúar gætu tekið sæti í fastanefndum en nú er einnig gert ráð fyrir að 1.varaborgarfulltrúar geti tekið sæti í fastanefndum sem þýðir að fjöldi nefndarsæta minnkar úr því að vera 3,3 sæti á fulltrúa í 2,6 sæti á fulltrúa. Erfitt er að greina nákvæmlega hvort álagsgreiðslur breytist mikið við þessa forsendu og því er til einföldunar gert ráð fyrir sömu álagsgreiðslum og áður.

Að öðru óbreyttu hefur tillagan engin áhrif á núverandi launagreiðslur til 1.varaborgarfulltrúa. Föst laun annarra kjörinna fulltrúa munu hinsvegar falla niður en á móti verður einungis greitt fyrir mætingu á fundi á sama hátt og í tillögu 1. Ef gert er ráð fyrir að þóknun pr. fund sé 15.000 kr og greitt sé fyrir 250 fundi á ári felur tillagan í sér að launakostnaður muni hækka um **18,9 mkr** á ári .

Tillaga 2	Breyting
Borgarfulltrúar	92.238.995
1.varaborgarfulltrúar	0
Föst laun annarra kjörinnar fulltrúa	-77.951.722
Kostnaður vegna mætingar á fundi	4.575.000
<b>Heildarbreyting á ári (án hverfisráða)</b>	<b>18.862.273</b>

## 3. TILLAGA UM BREYTINGAR Á HVERFISRÁÐUM

Í þessum kafla verður eingöngu fjallað um launakostnað vegna hverfisráða<sup>5</sup>. Í núverandi fyrirkomulagi eru laun fyrir setu í hverfisráðum innifalin í grunnlaunum borgarfulltrúa og 1.varaborgarfulltrúa. Aðrir kjörnir fulltrúar fá greitt 6% af þingfararkaupi á mánuði og fyrir formennsku er greidd tvöföld þóknun. Í dag eru flestir aðalmenn og áheyrnarfulltrúar hverfisráða hvorki borgarfulltrúar né 1.varaborgarfulltrúar og er kostnaður vegna hverfisráða m.v. núverandi nefndarskipan **um 40,8 mkr** á ári með launatengdum gjöldum<sup>6</sup>.

### 3.1 RÝNING Á TILLÖGU 1

*Óbreyttur fjöldi hverfisráða þar sem allir fá greidda þóknun fyrir setu samkvæmt flokki IV – borgarfulltrúar líka*

Gert er ráð fyrir að fjöldi hverfisráða sé óbreyttur, þ.e. að fjöldi hverfisráða sé 10. Eina breytingin frá núverandi kerfi felst í því að borgarfulltrúar fá greitt

Tillaga 1 um hverfisráð	Breyting
Núverandi kostnaður	40.781.279
Kostnaður ef allir fá þóknun	44.604.524
<b>Mismunur á ári</b>	<b>3.823.245</b>

<sup>5</sup> Áhrif hverfisráða á álagsgreiðslur í núverandi kerfi eru ekki tekið

<sup>6</sup> Launatengd gjöld vegna hverfisráða eru að meðaltali 16% samk

fyrir setu í hverfisráðum. Eins og áður hefur komið fram er meirihluti hverfisráða mannaður af kjörnum fulltrúum sem hvorki eru borgarfulltrúar né 1.varaborgarfulltrúar. Því er viðbótarkostnaður sem felst í því að greiða þeim fulltrúum laun sem ekki fá greitt sérstaklega laun fyrir setu í hverfisráðum í dag **3,8 mkr** á ári.

### 3.2 RÝNING Á TILLÖGU 2

*Hverfisráðum er fækkað í 5 og allir fá greidda þóknun fyrir setu samkvæmt flokkum IV – borgarfulltrúar líka*

Tillagan felur í sér að hverfisráðum verður fækkað um 5 og að borgarfulltrúar fái greidda þóknun fyrir setu í þeim. Kostnaður við hvert hverfisráð er í dag er misjafn eftir því hvort borgarfulltrúar sitja í þeim eða ekki. Til einföldunar verður þó gert ráð fyrir að kostnaður við öll hverfisráð sé sá sami. Samkvæmt þessum forsendum lækkar launakostnaður vegna hverfisráða um **22,3 mkr** á ári.

Tillaga 2 um hverfisráð	Breyting
Núverandi kostnaður	40.781.279
5 hverfisráð allir fá þóknun	22.302.262
<b>Mismunur á ári</b>	<b>-18.479.017</b>

### 3.3 RÝNING Á TILLÖGU 3

*Hverfisráðum er fækkað í 5, tveir borgarfulltrúar fá ekki sérstaka þóknun, einungis er greidd þóknun í flokki IV til þriggja fulltrúa.*

Gert er ráð fyrir að í hverju hverfisráði sitji tveir borgarfulltrúar og að þeir muni ekki fá greidda sérstaka þóknun. Hefur þetta í för með sér að fjöldi nefndarsæta á borgarfulltrúa er 3,7 og því gæti tillagan haft í för með sér auknar álagsgreiðslur. Til einföldunar verður gert ráð fyrir því að álagsgreiðslur breytist ekki og einnig verður gert ráð fyrir því að borgarfulltrúar séu ekki formenn hverfisráða, þ.e. gert er ráð fyrir kostnaði vegna formennsku sem nemur tvöfaldri þóknun. Miðað við þessar forsendur hefur tillaga 3 í för með sér að launakostnaður muni lækka um **31,2 mkr**.

Tillaga 3 um hverfisráð	Breyting
Núverandi kostnaður	40.781.279
5 hverfisr. og 15 fá þóknun	9.558.112
<b>Mismunur á ári</b>	<b>-31.223.167</b>

## 4. SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR

Í töflunni til hliðar eru sýnd heildaráhrif þeirra tillagna sem fjallað er um í kafla 2 og 3. Mögulegt er að lækka launakostnað um **59,5 mkr** með því að greiða einungis borgarfulltrúum föst laun og fækka hverfisráðum í 5 þar sem tveir varaborgarfulltrúar fá ekki greidda þóknun. Hinsvegar hækkar launakostnaður um **22,7 mkr** ef 1.varaborgarfulltrúar verða áfram á 70% grunnlaunum og fjöldi hverfisráða verður óbreyttur.

Hverfisráð	Fjölgun borgarfulltrúa	
	Tillaga 1	Tillaga 2
Tillaga 1	-24.502.818	22.685.518
Tillaga 2	-46.805.080	383.255
Tillaga 3	-59.549.230	-12.360.894



Eins og áður hefur komið fram þá miða útreikningarnir við núverandi nefndarskipan og sama fjölda borgarstjórnaflokka. Einnig er gert ráð fyrir lágmarksáhrifum af breytingunum á álagsgreiðslur sem og ekki er tekið tillit til annars kostnaðar t.d. mögulegan viðbótarkostnað vegna breytinga á skrifstofuaðstöðu, fjölgunar starfsmanna á skrifstofu borgarstjórnar og áhrifum á ferðakostnað. Til viðbótar er gert ráð fyrir að kostnaður vegna annarra nefnda en fastanefnda sé óbreyttur. Í því samhengi er mikilvægt að skoða áhrif tillögunnar á þóknun til fulltrúa barnaverndanefndar og endurskoðunarnefndar sem fá greidd föst laun í núverandi kerfi. Ef greitt verður í staðinn fyrir mætingu á fundi þá mun kostnaður vegna þessara nefnda lækka um rúmar **10 mkr** á ári. Síðan ber að nefna að einungis voru skoðuð áhrif á launakostnað vegna hverfisráða en annar kostnaður, t.d. skrifstofukostnaður mun væntanlega lækka ef þeim verður fækkað.

*Birgir Björn Sigurjónsson,  
fjármálastjóri*

*Erik Tryggvi Striz Bjarnason,  
sérfræðingur í áhættumatsdeild fjármálaskrifstofu*



# Áhrif fjölgunar borgarfulltrúa

**Kynning fjármálaskrifstofu fyrir borgarfulltrúa  
16. september 2016**

# Tillögur forsætisnefndar

## Fjölgun borgarfulltrúa

1. Borgarfulltrúar verða 23 og þeir sitja í öllum fastanefndum Reykjavíkurborgar nema hverfisráðum. Varaborgarfulltrúar þ.m.t. 1.varaborgarfulltrúar, fá einungis greitt fyrir mætingu á einstaka fundi nefnda og ráða og borgarstjórn.
2. Borgarfulltrúar verða 23 og þeir sitja í öllum fastanefndum Reykjavíkurborgar nema hverfisráðum. 1.varaborgarfulltrúar verða áfram á 70% grunnlaunum og geta tekið sæti í fastanefndum. Aðrir varaborgarfulltrúar fá einungis greitt fyrir mætingu á einstaka fundi nefnda og ráða og í borgarstjórn.

## Breytingar á hverfisráðum

1. Óbreyttur fjöldi hverfisráða þar sem allir fá greidda þóknun fyrir setu samkvæmt flokki IV – borgarfulltrúar líka
2. Hverfisráðum er fækkað í 5 og allir fá greidda þóknun fyrir setu samkvæmt flokki IV – borgarfulltrúar líka
3. Hverfisráðum er fækkað í 5, tveir borgarfulltrúar fá ekki sérstaka þóknun, einungis er greidd þóknun í flokki IV til þriggja fulltrúa.



# Tillaga 1 um fjölgun borgarfulltrúa

*Borgarfulltrúar verða 23 og þeir sitja í öllum fastanefndum Reykjavíkurborgar nema hverfisráðum. Varaborgarfulltrúar þ.m.t. 1.varaborgarfulltrúar, fá einungis greitt fyrir mætingu á einstaka fundi nefnda og ráða og borgarstjórn.*



# Tillaga 1 um fjölgun borgarfulltrúa

*Borgarfulltrúar verða 23 og þeir sitja í öllum fastanefndum Reykjavíkurborgar nema hverfisráðum. Varaborgarfulltrúar þ.m.t. 1.varaborgarfulltrúar, fá einungis greitt fyrir mætingu á einstaka fundi nefnda og ráða og borgarstjórn.*

## Fjárhagsleg áhrif tillögu 1

Borgarfulltrúar	92.238.995
-----------------	------------

### Kostnaður við 8 borgarfulltrúa

• Grunnlaun á ári	56.997.111
• Álagsgreiðslur (25%)	14.249.278
• Launatengd gjöld (22%)	15.674.206
• Annar kostnaður	5.318.400
	<b>92.238.995</b>



# Tillaga 1 um fjölgun borgarfulltrúa

*Borgarfulltrúar verða 23 og þeir sitja í öllum fastanefndum Reykjavíkurborgar nema hverfisráðum. Varaborgarfulltrúar þ.m.t. 1.varaborgarfulltrúar, fá einungis greitt fyrir mætingu á einstaka fundi nefnda og ráða og borgarstjórn.*

## Fjárhagsleg áhrif tillögu 1

Borgarfulltrúar	92.238.995
Föst laun 1.varaborgarfulltrúa	-47.188.355

## Kostnaður v. 1.varaborgarfulltrúa

• Grunnlaun á ári	- 29.923.483
• Álagsgreiðslur (25%)	- 5.485.972
• Launatengd gjöld (22%)	- 7.790.080
• Annar kostnaður	- 3.988.800
	<b>- 47.188.355</b>



# Tillaga 1 um fjölgun borgarfulltrúa

*Borgarfulltrúar verða 23 og þeir sitja í öllum fastanefndum Reykjavíkurborgar nema hverfisráðum. Varaborgarfulltrúar þ.m.t. 1.varaborgarfulltrúar, fá einungis greitt fyrir mætingu á einstaka fundi nefnda og ráða og borgarstjórn.*

## Fjárhagsleg áhrif tillögu 1

Borgarfulltrúar	92.238.995
Föst laun 1.varaborgarfulltrúa	-47.188.355
Föst laun annarra kjörinna fulltrúa	-77.951.722

## Kostnaður v. annarra kjörinna fulltrúa

• Þóknun fyrir setu í flokki I	- 21.972.672
• Þóknun fyrir setu í flokki II	- 27.823.051
• Þóknun fyrir setu í flokki III	- 14.099.131
• Launatengd gjöld	- 14.056.868
	<b>- 77.951.722</b>



# Tillaga 1 um fjölgun borgarfulltrúa

*Borgarfulltrúar verða 23 og þeir sitja í öllum fastanefndum Reykjavíkurborgar nema hverfisráðum. Varaborgarfulltrúar þ.m.t. 1.varaborgarfulltrúar, fá einungis greitt fyrir mætingu á einstaka fundi nefnda og ráða og borgarstjórn.*

## Fjárhagsleg áhrif tillögu 1

Borgarfulltrúar	92.238.995
Föst laun 1.varaborgarfulltrúa	-47.188.355
Föst laun annarra kjörinna fulltrúa	-77.951.722
Kostnaður v. mætingar á fundi	4.575.000

Þóknun per fund	Fjöldi funda á ári sem greitt er fyrir				
	150	200	250	300	350
10.000	1.830.000	2.440.000	3.050.000	3.660.000	4.270.000
12.500	2.287.500	3.050.000	3.812.500	4.575.000	5.337.500
15.000	2.745.000	3.660.000	4.575.000	5.490.000	6.405.000
17.500	3.202.500	4.270.000	5.337.500	6.405.000	7.472.500
20.000	3.660.000	4.880.000	6.100.000	7.320.000	8.540.000





# Tillaga 1 um fjölgun borgarfulltrúa

*Borgarfulltrúar verða 23 og þeir sitja í öllum fastanefndum Reykjavíkurborgar nema hverfisráðum. Varaborgarfulltrúar þ.m.t. 1.varaborgarfulltrúar, fá einungis greitt fyrir mætingu á einstaka fundi nefnda og ráða og borgarstjórn.*

## Fjárhagsleg áhrif tillögu 1

Borgarfulltrúar	92.238.995
Föst laun 1.varaborgarfulltrúar	-47.188.355
Föst laun annarra kjörinna fulltrúa	-77.951.722
Kostnaður v. mætingar á fundi	4.575.000
<b>Heildarkostnaður v. tillögu 1</b>	<b>-28.326.063</b>



# Tillaga 1 - dæmi

*Borgarfulltrúar verða 23 og þeir sitja í öllum fastanefndum Reykjavíkurborgar nema hverfisráðum. Varaborgarfulltrúar þ.m.t. 1.varaborgarfulltrúar, fá einungis greitt fyrir mætingu á einstaka fundi nefnda og ráða og borgarstjórn.*

Umhverfis- og skipulagsráð	Fjöldi	Kostnaður
Borgarfulltrúar	3	-
Aðrir fulltrúar	4	610.352
Áheyrnarfulltrúi	1	152.588
Launatengd gjöld (22%)		167.847
<b>Kostnaður á mánuði</b>		<b>930.787</b>



# Tillaga 2 um fjölgun borgarfulltrúa

Borgarfulltrúar verða 23 og þeir sitja í öllum fastanefndum Reykjavíkurborgar nema hverfisráðum. 1.varaborgarfulltrúar verða áfram á 70% grunnlaunum og geta tekið sæti í fastanefndum. Aðrir varaborgarfulltrúar fá einungis greitt fyrir mætingu á einstaka fundi nefnda og ráða og í borgarstjórn.



# Tillaga 2 um fjölgun borgarfulltrúa

Borgarfulltrúar verða 23 og þeir sitja í öllum fastanefndum Reykjavíkurborgar nema hverfisráðum. 1.varaborgarfulltrúar verða áfram á 70% grunnlaunum og geta tekið sæti í fastanefndum. Aðrir varaborgarfulltrúar fá einungis greitt fyrir mætingu á einstaka fundi nefnda og ráða og í borgarstjórn.

## Fjárhagsleg áhrif tillögu 2

Borgarfulltrúar

92.238.995



# Tillaga 2 um fjölgun borgarfulltrúa

Borgarfulltrúar verða 23 og þeir sitja í öllum fastanefndum Reykjavíkurborgar nema hverfisráðum. 1.varaborgarfulltrúar verða áfram á 70% grunnlaunum og geta tekið sæti í fastanefndum. Aðrir varaborgarfulltrúar fá einungis greitt fyrir mætingu á einstaka fundi nefnda og ráða og í borgarstjórn.

## Fjárhagsleg áhrif tillögu 2

Borgarfulltrúar	92.238.995
Föst laun 1. varaborgarfulltrúa	0



# Tillaga 2 um fjölgun borgarfulltrúa

Borgarfulltrúar verða 23 og þeir sitja í öllum fastanefndum Reykjavíkurborgar nema hverfisráðum. 1.varaborgarfulltrúar verða áfram á 70% grunnlaunum og geta tekið sæti í fastanefndum. Aðrir varaborgarfulltrúar fá einungis greitt fyrir mætingu á einstaka fundi nefnda og ráða og í borgarstjórn.

## Fjárhagsleg áhrif tillögu 2

Borgarfulltrúar	92.238.995
Föst laun 1. varaborgarfulltrúa	0
Föst laun annarra kjörinna fulltrúa	-77.951.722



# Tillaga 2 um fjölgun borgarfulltrúa

Borgarfulltrúar verða 23 og þeir sitja í öllum fastanefndum Reykjavíkurborgar nema hverfisráðum. 1.varaborgarfulltrúar verða áfram á 70% grunnlaunum og geta tekið sæti í fastanefndum. Aðrir varaborgarfulltrúar fá einungis greitt fyrir mætingu á einstaka fundi nefnda og ráða og í borgarstjórn.

## Fjárhagsleg áhrif tillögu 2

Borgarfulltrúar	92.238.995
Föst laun 1. varaborgarfulltrúa	0
Föst laun annarra kjörinna fulltrúa	-77.951.722
Kostnaður v. mætingar á fundi	4.575.000



# Tillaga 2 um fjölgun borgarfulltrúa

Borgarfulltrúar verða 23 og þeir sitja í öllum fastanefndum Reykjavíkurborgar nema hverfisráðum. 1.varaborgarfulltrúar verða áfram á 70% grunnlaunum og geta tekið sæti í fastanefndum. Aðrir varaborgarfulltrúar fá einungis greitt fyrir mætingu á einstaka fundi nefnda og ráða og í borgarstjórn.

## Fjárhagsleg áhrif tillögu 2

Borgarfulltrúar	92.238.995
Föst laun 1.varaborgarfulltrúar	0
Föst laun annarra kjörinna fulltrúa	-77.951.722
Kostnaður v. mætingar á fundi	4.575.000
<b>Heildarkostnaður v. tillögu 2</b>	<b>18.862.273</b>





# Tillaga 1 um hverfisráð

Óbreyttur fjöldi hverfisráða þar sem allir fá greidda þóknun fyrir setu samkvæmt flokki IV – borgarfulltrúar líka

## Fjárhagsleg áhrif tillögu 1 um hverfisráð

Núverandi kostnaður	40.781.279
Kostnaður ef allir fá þóknun	44.604.524
<b>Heildarkostnaður v. tillögu 1</b>	<b>3.823.245</b>



# Tillaga 2 um hverfisráð

Hverfisráðum er fækkað í 5 og allir fá greidda þóknun fyrir setu samkvæmt flokki IV – borgarfulltrúar líka

## Fjárhagsleg áhrif tillögu 2 um hverfisráð

Núverandi kostnaður	40.781.279
5 hverfisráð og allir fá þóknun	22.302.262
<b>Heildarkostnaður v. tillögu 2</b>	<b>-18.479.017</b>



# Tillaga 3 um hverfisráð

Hverfisráðum er fækkað í 5, tveir borgarfulltrúar fá ekki sérstaka þóknun, einungis er greidd þóknun í flokki IV til þriggja fulltrúa.

## Fjárhagsleg áhrif tillögu 3 um hverfisráð

Núverandi kostnaður	40.781.279
Þóknun til 15 fulltrúa	9.558.112
<b>Heildarkostnaður v. tillögu 3</b>	<b>-31.223.167</b>



# Niðurstöður

Tillögur	Fjölgun borgarfulltrúa	
Hverfisráð	Tillaga 1: -28,3 mkr	Tillaga 2: 18,9 mkr
Tillaga 1: 3.8 mkr	-24.502.818	22.685.518
Tillaga 2: -18.5 mkr	-46.805.080	383.255
Tillaga 3: -31,2 mkr	-59.549.230	-12.360.894

- Miðað er við núverandi nefndarskipan og sama fjölda borgarstjórnarflokka
- Gert ráð fyrir að álagsgreiðslur verði svipaðar
- Kostnaður vegna annarra nefnda er óbreyttur
- Föst laun til fulltrúa í barnaverndarnefnd og endurskoðunarnefnd
- Ekki tekið tillit til annarra útgjalda t.d. vegna breytinga á skrifstofuaðstöðu
- Mat á þóknun og fjölda funda sem greitt er fyrir á ári

